



Marta Guðrún Halldórsdóttir stundaði söngnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og framhaldsnám við Tónlistarháskólann í München í Þýskalandi. Hún hefur frá árinu 1993 starfað sem söngkona og komið fram með helstu kórum, hljómsveitum og kammerhópum hér á landi. Marta hefur verið í fremstu röð túlkenda á sviði samtímatónlistar, hefur frumflutt og hljóðritað íslensk verk og flutt íslenska tónlist á tónleikaferðum m.a. í Japan og víða í Evrópu. Hún hefur farið með aðalhlutverk í óperum og söngleikjum á sviði Íslensku óperunnar, Þjóðleikhúsins, og Leikfélags Akureyrar og tekið þátt í fjórum nýjum barnaóperum á vegum

Strengleikhúsins. Undanfarin ár hefur Marta oftsinnis tekið þátt í fluttningi barroktónlistar á upprunaleg hljóðfæri og hefur unnið með fjölmörgum listamönnum á því sviði m.a. með barroksveitinni Cammerata Drammatica undir handleiðslu Peters Spissky, Bachsveitinni í skálholti og Nordic Affect.

Marta hefur lagt rækt við íslenskan tónlistararf og flutt íslensk þjóðlög í útsetningum ýmissa tónskálda, gjarnan með Erni Magnússyni píanóleikara. Þau eru einmitt stofnendur smásveitarinnar Spilmanna Ríkisins sem flytur gamla íslenska tónlist á forn íslensk hljóðfæri. Helstu hljómdiskar með söng Mörtu eru: *Íslensk Þjóðlög*, safn Engel Lund ásamt Erni Magnússyni píanóleikara. *Tíminn og Vatnið*, tónverk Atla Heimis með Kammersveit Reykjavíkur, *Skálholtsmessa* eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson með Caput, *Gömul Ljósmynd*, sönglög Tryggva Baldvinssonar, *Amor*, með Musica Antiqua og *Melodia* með kammerkórnum Carminu.